

**Nd.**

**50. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun millipinganevndar til að íhuga tolla- og skattalöggjöf landsins.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson og Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að skipa með blutfallskosningu í sameinuðu þingi fimm manna millipinganevnd til að athuga tolla- og skattalöggjöfina og gera tillögur um, hvernig henni megi best haga, svo að hún sje í einu sem einföldust, rjettlátust og hagnýtust, og gefi þó nægar tekjur, sem á eðlilegan og auðveldan hátt geti lagað sig eftir útgjaldaþörfunum.

Nánar tiltekið skal verkefni nefndarinnar vera þetta :

a. Að athuga leiðir til að fækka tollvörum og tolla mestpart hinar ónauðsyn-

legri vörur, svo að tolla- og skattakerfið verði sem óbrotast og umsvifaminst og tollheimtan sem ódýrust.

- b. Að athuga, að hve miklu leyti er rjettmætt að fullnægja tekjupörfinni með tollum og að hve miklu leyti með sköttum, með tilliti til þess, að þeir komi þó sem rjettlátlegast niður eftir gjaldþoli.
- c. Að athuga, hvernig tollum og sköttum megi svo best fyrir koma, að þeir verki sem minst lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn, en efli og styðji innlenda framleiðslu í samkepninni við erlenda.
- d. Að athuga, hvort ekki megi finna leiðir til að afla rikissjóði tekna án þess að íþyngja gjaldþegnum, svo sem með einkasölu á nokkrum hátolluðum vörum eða öðrum þeim vörum, sem hentugar eru til einkasölu, eða á annan hátt.
- e. Að rannsaka, hvort rjettlátlega er skift útgjöldum til opinberra þarfa á milli rikisins og sveitarfjelaganna með tilliti til tekjustofna og einnig með tilliti til þess, að gjaldþoli þegnanna sje ekki — vegna almennra opinberra útgjalda — um of misjafnlega íþyngt í hinum minni fjelagsheildum.

Kostnaður við nefndina greiðist úr rikissjóði.

#### Greinargerð.

Með hinni hraðfara sívaxandi tekjupörf til opinberra þarfa hefir tolla- og skattalöggjöf vor tekið tíðum og margvíslegum breytingum, sem oft hafa verið hugsaðar sem bráðabirgðaráðstafanir til þess að bæta úr aðkallandi tekjupörf í bili. Þó hefir farið svo oftast, að bráðabirgðaráðstafanir þessar hafa í reyndinni orðið föst lagaákvæði, svo að frumhugsun tolla- og skattalöggjafar vorrar hefir mjög raskast, og það þrátt fyrir það, þótt við og við hafi verið gerðar sjerstakar ráðstafanir (millipinganeindir o. fl.) til að athuga heildarskipulag þessara mála. Hafa þær ráðstafanir sumpart ekki verið nógu viðtækar eða yfirgripsmiklar og sumpart ekki borið árangur til framkvæmda, enda ekki verið sjeð fyrir, að útgjöld til opinberra þarfa mynda vaxa jafnhraðfara og raun hefir orðið á, nje hafa verið sjeðar fyrir jafnmiklar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar og viðskiftaáðstöðu á heimsmarkaðinum sem nú er komið fram. — Af þessum orsökum eru tolla- og skattalög vor nokkuð á ringulreið og ekki örgrant, að þau verki lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn og á viðskiftaáðstöðu vora út á við. Fyrir því virðist sem fullkomin ástæða sje til að taka þessi mál til gagngerðrar rannsóknar á grundvelli framanritaðrar tillögu.

Gagnger endurskoðun jafnyfirgripsmikilla, vandasamra og viðkvæmra laga sem tolla- og skattalög eru, er þess edlis, að ólíklegt er, að hún geti orðið undirbúin af flokkslegri stjórn — hver sem hún væri — svo að líkleg væri til að ná framgangi með viðunanlegri niðurstöðu. Sömuleiðis eru þessi mál yfirgripsmeiri og vandasamari en svo, að ætlast megi til, að þingið geti leyst endurskoðun þeirra af hendi og leitt þau til lykta án sjerstakrar rannsóknar og undirbúnings í nefnd, sem starfað hefði að því milli þinga.

Á framantöldum ástæðum er þingsál.till. þessi byggð. Jafnframt er tiltek-

ið, hver sjeu ransóknaratriði nefndarinnar. Vitanlega er ekki þar með ætlað að setja nefndinni nokkrar skorður um rannsóknarefni þessi mál áhrærandi.

Til þess er ætlast, að samkomulag geti orðið fyrirfram á milli stjórnmálaflokkanna um skipun manna í nefndina.